

## Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla 8. desember 2014 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, Ingibjörg B. Bjarnadóttir kennari, Bryndís Jónsdóttir og Þorvar Hafsteinsson fulltrúar foreldra, Lilja Hrönn Hrannarsdóttir og Kristófer Ingi Maack fulltrúar nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður, María Jónsdóttir deildarstjóri eldra stigs og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. **Heimanám á unglingsstigi.** María Jónsdóttir fór yfir skipulag heimanáms á unglingsstiginu. Gott væri að kennarar væru búnir að tímasetja skil á stórum skilaverkefnum strax að hausti þannig að ekkert rekist á og svo að nemendur geti skipulagt vinnu sína fram í tímann. María vék af fundi.

2. **Skólanámskrá.** Kennarahópurinn vinnur að endurskoðun skólanámskrár í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla. Vinnan er flókin og námsmatið vefst fyrir en er á góðri leið. Við stefndum á að hafa skólanámskrána tilbúna í byrjun desember en vinnan dregst fram í janúar. Þá liggur fyrir að samræma vinnuna milli árganga og stiga svo að samfella sé í

3. **Samræmd próf.** Prófin gengu vel hjá okkur í ár. Vorum yfir landsmeðaltali, meðaltalinu í Reykjavík og Suðvestukjördæmi í öllum aldurshópum. Niðurstaðan skiptir máli fyrir börnin og foreldra og fyrir okkur fagfólki til að skoða kennsluhætti okkar og hvaða þættir það eru sem við þurfum að gera betur í.

4. Önnur mál

- a) **Bréf vegna Dægradvalar.** Bréf barst frá fulltrúum foreldra í 1. Kornblóm sem lýsti áhyggjum vegna starfsins í Dægradvölinni. Bréfið lýsir hvernig staðan var í upphafi skólaárs. Búið er að fara yfir málin og laga eða bæta úr flestum atriðum og fara yfir með starfsfólki Dægradvalar. ÞJ þekkir til 3. bekinga sem vilja helst ekki vera í Dægradvölinni. Rætt um að skólar í Reykjavík hafa verið að safna saman nemendum í 3. og 4. bekk og bjóða upp á valkosti sem hentar þessum aldri. GSJ sagði frá nefnd sem hefur verið að vinna að málefnum Dægradvala í Kópavogi, horfa á faglegu hliðina og fá fjármagn til úrbóta. Þessi vinna lýtur að því að skipulagið verði betra og faglegra og að börn sem þurfa og hafa stuðning í skóla fái hann áfram í Dægradvölinni.
- b) **Tölvukerfið – sameign nemenda.** KIM ræddi um að skipulag á tölvumálum nemenda væri ekki í nógu góðu horfi; að nemendur væru ekki vissir um hvar þeir ættu að vista gögnin sín. **Viðbót eftir fund:** Guðrún Vala tölvukennari upplýsti um að allir nemendur hefðu aðgang að lokuðu svæði með aðgangsorði þar sem þeir gætu vistað gögn. Umsjónarkennarar voru beðnir um að koma þessum skilaboðum skýrar til nemenda unglingsstigsins.

- c) **Búrið í salnum.** KIM ræddi um að umgengni í tækjabúrinu í salnum væri hörmuleg, bæði eftir nemendur og kennara. Útbúa þyrfti umgegnisreglur og hengja upp. Búrið væri stundum opið en það á alltaf að vera læst ef það er ekki í notkun. Laga þyrfti snaga til að hengja upp snúrur og festa bassakeilu við vegginn í salnum.

Fundi slitið kl. 9:15

Hekla Hannibalsdóttir